

ingskostnað og verður því Dyrhólahreppur ekki skyldaður til að greiða þessa upphæð. **72**

18. júlí

8. Þá vill Dyrhólahreppur fá eptirgefið af styrk þeim, er Einari var veittur á tímabilinu frá 13. júní til 29. júní, 20 kr., þaræð óþarflega mikið hafi verið eytt í fatnað handa þurfamanninum og fjölskyldu hans, en þessi mótmæli virðast eptir atvikum ástæðulaus.

Samkvæmt framansögðu á að draga frá reikningsupphæðinni 12,00 + 30,00 + 6,12 + 1,00 + 0,33 + 29,48 = kr. 78,93, en eptirstöðvarnar 473 kr. 38 au. ber Dyrhólahreppi að greiða.

Það skal loks tekið fram, að eptir upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í málinu, er ekkert að athuga við aðsjónargjörð þá, er gjörð var hjá Einari áður en styrkurinn var veittur í fyrstu og oddviti Geithellnahrepps hefir einnig gjört nægilega grein fyrir því, hvers vegna Einar var eigi fluttur á sveit sína fyr en gjört var.

Jafnframt því að gefa yður þetta til vitundar til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna, felur stjórnarráðið yður að sjá um, að tjeð hreppsnefnd greiði Geithellnahreppi án dráttar þann hluta hinnar úrskurðuðu upphæðar, sem enn er ógreiddur.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Kálfa-tjarnarprestakalli. **73**

27. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 19. þ. m., og beiðni hlutadeiganda, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess að presturinn að Kálfatjörn, síra Árni Þorsteinsson, taki uppá prestakallið 300 kr. embættislán til þess að endurreisa og bæta heyhlöðu á prestssetrinu á þann hátt, er gjört er ráð fyrir í erindi hans, sem fylgdi brjefi yðar. Samþykki þetta er þó þeim skilyrðum bundið, að lánið, sem eigi fæst úr landssjóði, verði fengið með sem vægustum vaxtakjörum, og að það verði endurborgað á næstu 10 árum, auk vaxta, með 15 kr. árlegri afborgun 5 fyrstu árin, meðan lán, sem nú hvílir á prestakallinu er eigi að fullu borgað, en síðan með 45 kr. árlegri afborgun, unz því er lokið.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um skilning á orðunum „fast aðsetur“ í lögum 9. ágúst 1889. **74**

17. ágúst

Með brjefi, dags. 6. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, samkvæmt til-mælum hreppsnefndarinnar í Hvítársíðuhreppi, leitað álits stjórnarráðsins um það, hvort nefndinni hafi verið heimilt samkvæmt lögum að leggja aukauktvar á Jón Ólafsson smið frá Kaðalstöðum í Stafholtstungnahreppi síðastliðið haust, en af